

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 777/2008

2011/EES/5/21

frá 4. ágúst 2008

um breytingu á I., V. og VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 32. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er mælt fyrir um reglur um heilbrigði dýra og lýðheilsu vegna söfnunar, flutnings, geymslu, meðhöndlunar, vinnslu og notkunar eða förgunar aukaafurða úr dýrum og setningu slíkra afurða á markað.
- 2) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er að finna skilgreiningu á blóðmjóli. Til að skýra þá skilgreiningu er rétt að tilgreina að hún nær einnig yfir afurðir sem eru unnar úr hitameðhöndluðum blóðhlutum í samræmi við II. kafla VII. viðauka við þá reglugerð og eru ætlaðar til notkunar sem fóður eða lífrænn áburður.
- 3) Sértekur kröfur er varða unnið prótín úr spendýrum eru settar fram í II. kafla VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002. Breyta skal kröfunum um vinnsluaðferð fyrir unnið prótín úr spendýrum, sem mælt er fyrir um í 1. lið í A-hluta þess kafla, í því skyni að taka tillit til nýrrar skilgreiningar á blóðmjóli í I. viðauka við þá reglugerð.
- 4) Í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er kveðið á um að vinnsla á aukaafurðum úr dýrum skuli fara fram á öðrum stað en á söfnunarstaðnum, nema hann

sé í allt annarri byggingu. Þar er einnig kveðið á um að með vissum skilyrðum megi leyfa að aukaafurðir úr dýrum, sem eru upprunnar á sama stað, séu unnar í vinnslustöðvum sem eru tengdar við sláturhús með færibandakerfi.

- 5) Til að auðvelda beitingu ákvæðanna í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 í reynd, að því er varðar vinnslustöðvar fyrir efni í 3. flokki, skal lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna heimilt að víkja frá þessum ákvæðum og heimila að þessar vinnslustöðvar geti unnið efni í 3. flokki, sem er upprunnið á öðrum athafnasvæðum sem eru samþykkt skv. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýrarikinu ⁽²⁾, með skilyrðum sem miðast að því að sporna við áhættu fyrir lýðheilsu og heilbrigði dýra.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I., V. og VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. ágúst 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 207, 5.8.2008, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2010 frá 11. júní 2010 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 49, 16.9.2010, bls. 1.

(¹) Stjtið. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 523/2008 (Stjtið. ESB L 153, 12.6.2008, bls. 23).

(²) Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55. Leiðrétt útgáfa var birt í Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 22. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1243/2007 (Stjtið. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 8).

VIDAUKI

Ákvæðum I., V. og VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 6. liðar I. viðauka komi eftirfarandi:

„6. „blóðmjöl“: afurð sem er unnin úr hitameðhöndluðu blóði eða blóðhlutum í samræmi við II. kafla VII. viðauka og er ætluð til notkunar sem fóður eða lífrænn áburður.“

2. Í stað a-liðar 1. liðar, I. kafla V. viðauka komi eftirfarandi:

„a) Vinnslustöðvar skulu ekki staðsettar á sama stað og sláturhús nema dregið sé úr áhættu fyrir lýðheilsu og heilbrigði dýra, sem stafar af vinnslu aukaafurða úr dýrum sem koma frá slíkum sláturhúsum, með því að a.m.k. eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- i. vinnslustöðin verður að vera algerlega aðskilin frá sláturhúsinu og, eftir atvikum, þannig að hún sé í byggingu sem er að fullu aðskilin frá því,
- ii. eftirfarandi verður að vera fyrir hendi og í notkun:
 - færibandakerfi sem tengir vinnslustöðina við sláturhúsið,
 - sérstakur inngangur, móttökuklefi, búnaður og útgangur fyrir vinnslustöðina og sláturhúsið,
- iii. grípa skal til ráðstafana til að koma í veg fyrir að áhætta breiðist út með starfsfólki sem starfar í vinnslustöðinni og í sláturhúsinu,
- iv. aðgangur að stöðinni skal meinaður mönnum, sem ekki hafa til þess leyfi, og dýrum skal ekki hleypt inn.

Þrátt fyrir ákvæði i.- til iv.-liðar getur lögbært yfirvald, ef um er að ræða vinnslustöðvar fyrir efni í 3. flokki, heimilað önnur skilyrði í stað þeirra sem sett eru fram í þessum liðum sem miðast að því að draga úr áhættu fyrir lýðheilsu og heilbrigði dýra, þ.m.t. áhætta sem hlýst af vinnslu efnis í 3. flokki frá starfsstöðvum annars staðar sem eru samþykktar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 853/2004. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum, innan ramma nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 33. gr., um það hvernig lögbær yfirvöld þeirra nota þessa undanþágu.“

3. Í stað fyrsta undirliðar 1. liðar A-liðar í II. kafla VII. viðauka komi eftirfarandi:

„Unnið dýraprótn úr spendýrum skal hafa verið unnið með vinnsluaðferð 1. Blóð eða blóðhluta úr svínunum má þó þess í stað vinna með einhverri af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7, að því tilskildu að ef um er að ræða vinnsluaðferð 7 hafi hitameðhöndlun verið beitt þannig að kjarnahitinn verði a.m.k. 80 °C.“